

Skýrsla stjórnar GHG 2016

Góðir fundarmenn.

Nú mun ég fara með ykkur yfir starfsemi klúbbsins á nýliðnu rekstrarári, rekstrarárinu sem hófst í byrjun nóvember 2015 og lauk í lok október 2016.

Skipan stjórnar og fundir

Á síðasta fundi komu tveir nýir félagsmenn inn í stjórn, annar þeirra hafði áður verið varamaður og það voru kosnir tveir nýir varamenn. Varamenn hafa tekið fullan þátt í störfum stjórnar og má því segja að það hafi komið þrjú nýir einstaklingar að stjórnarborðinu.

Stjórnin skipti með sér verkum og deildi með sér formennsku í nefndum eins og lög gera ráð fyrir.

Eftirtaldir skipuðu stjórnina:

- Auðunn Guðjónsson, formaður og formaður afreksnefndar
- Ólafur Ragnarsson, varaformaður og formaður húsnefndar
- Össur Emil Friðgeirsson, gjaldkeri og formaður vallarnefndar
- Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir, ritari og formaður kvennefndar
- Alfreð Maríusson, meðstjórnandi og formaður forgjafar- og laganefndar og formaður skemmtinefndar
- Hjörtur Árnason, meðstjórnandi og formaður mótanefndar – hann var varamaður árið áður
- Guðmundur Erlingsson, meðstjórnandi og formaður útbreiðslunefndar og barna- og unglínganefndar – kom nýr inn í stjórn
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson varamaður
- Arnar Geir Helgason, varamaður – kom nýr inn sem varamaður
- Ásgeir Andrason, varamaður – kom nýr inn sem varamaður

Eins og árið áður var skipuð þriggja manna framkvæmdastjórn sem í sátu formaður, varaformaður og gjaldkeri.

Fundir í stjórn og framkvæmdastjórn voru nokkuð færri en undanfarin ár, en eftir að framkvæmdastjórn var skipuð hefur stjórnarfundum fækkaði nokkuð vegna þessa fyrirkomulags.

Eitt af fyrstu verkunum var að fullskipa nefndir. Það gekk almennt með ágætum, við erum svo heppin að eiga marga félagsmenn sem eru tilbúnir til starfa. Fyrir það ber að þakka.

Rekstur og starfsfólk

Störf vegna reksturs klúbbsins voru eins og áður annars vegar unnin af launuðu starfsfólki og hins vegar af sjálfboðliðum. Mig langar að byrja á sjálfboðaliðunum. Þá er ég að tala um stjórnarmenn, félagsmenn sem sitja í nefndum, aðra félagsmenn og aðra velunnara klúbbsins. Án framlags þessara aðila tel ég að klúbbur af þessu tagi eigi sér ekki nokkurn rekstrargrundvöll. Ég vil meina að sjálfboðaliðastörf séu nauðsynleg til að hægt sé að hafa þennan völl, halda honum opnum og vel hirtum og störf sjálfboðaliða eru líka nauðsynleg til að félagsstarfið sé öflugt.

Vegna umfangs starfseminnar er okkur nauðsyn að ráða til okkar launaða starfsmenn. Hvernig okkur tekst til með þær ráðningar skiptir miklu máli fyrir klúbbinn því auk forsvarsmanna klúbbsins þá eru starfsmenn klúbbsins, jafnt á velli sem í skála, andlit klúbbsins gagnvart hinum almenna félagsmanni og út á við gagnvart þeim fjölmörgu gestum sem sækja völlinn heim og njóta verunnar hér í Gufudal.

Hafsteinn Hafsteinsson sem starfaði hér sem vallarstjóri í ellefu sumur, sagði upp störfum og hætti hjá klúbbsnum í lok september 2015 og flutti til Reykjavíkur. Auk þess var ljóst að Ólafur Dór sem hafði unnið með honum í nokkur ár, hafði fengið aðra vinnu. Það var nokkur vandi að finna nýjan vallarstjóra en okkur lánaðist að finna öflugan og góðan mann, reynslubolta á þessu sviði og þar að auki Hvergerðing að upplagi. Steinn Guðmundur Ólafsson var ráðinn vallarstjóri Gufudalsvallar og tók hann til starfa þann 1. mars 2016. Einnig störfuðu á vellinum í sumar þeir Eyjólfur og Eyþór Atla. Ég vil meina að við höfum verið heppin á fá Stein til liðs við okkur, en hann hefur langa reynslu af störfum við vallarstjórn, hann hefur gott auga fyrir viðhaldi tækja og umhirðu vallarins og annarra mannvirkja klúbbsins.

Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir tók að sér að stýra rekstri golfskálans frá því í vor og fram á haust. Hún hafði umsjón með afgreiðslu, bókun og þjónustu við hópa, starfsmannahald í skálanum og fleira tilfallandi. Karen Lind annaðist afgreiðslu ásamt Ingu, en auk þeirra stóðu fjórir aðrir starfsmenn nokkrar vaktir, þau Elaine, Lís Lind, Guðjón Helgi og Hrafnhildur.

Þar með eru launþegar klúbbsins upptaldir. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var reiknað með launakostnaður myndi hækka frá fyrra ári um 2,2 millj. kr. en hann lækkaði um 1,4 millj. kr.

Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á árinu eins og fram kemur í ársreikningi. Hagnaður ársins nemur 9,3 millj. kr. sem er 6,3 millj. kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Á árinu lækkuðu skuldir um 2,9 millj. kr. og handbært fé klúbbsins í lok október nemur 8,6 millj. kr. Gerð verður nánari grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu klúbbsins þegar fjallað verður um ársreikning klúbbsins hér á eftir.




Ég leyfi mér hins vegar að gera í stuttu máli grein fyrir þróun fjárhagslegrar stöðu klúbbsins síðustu þrjú ár, þann tíma sem ég hef verið formaður klúbbsins, en þar finnst mér talsvert hafa áunnist og markmiðið um að bæta fjárhagsstöðu klúbbsins náðist. Ég verð að segja að ég er mjög stoltur af þessum árangri, en tek jafnframt skýrt fram að það eru margir aðrir en formaðurinn sem hafa lagt þarna hönd á plóg. Fjárhæðir í töflunum eru í þúsundum kr. á verðlagi hvers árs.

Þróun rekstrar GHG 2013-2016				
	2013	2014	2015	2016
Rekstrartekjur	33.404	33.209	31.725	33.937
Rekstrargjöld	34.346	31.802	27.731	24.449
Vextir	832	732	409	204
Afkoma	-1.774	674	3.584	9.284

Þróun fjárhags GHG 2013-2016				
	2013	2014	2015	2016
Veltufjármunir	3.634	3.656	3.181	10.421
Skuldir	9.037	6.375	5.085	2.233
Peningaleg staða	-5.403	-2.720	-1.904	8.187

Þróun nokkurra lykiltalna GHG 2013-2016				
	2013	2014	2015	2016
Afkoma	-1.774	674	3.584	9.284
Fjárfesting	500	0	5.156	1.581
Peningaleg staða	-5.403	-2.720	-1.904	8.187
Handbært fé	84	37	5	8.560

Með myndrænni framsetningu þá hefur þróunin verið svona þúsundum kr. á verðlagi hvers árs:



Ég held að það sé rétt að horfa á rekstur klúbbsins með sambærilegum hætti og við viljum sjá heimilisbókhaldið okkar. Við viljum ráða við þau útgjöld sem nauðsynleg eru og ef við viljum fjárfesta þá þurfum við að eiga fyrir þeirri fjárfestingu eða ráða við að standa í skilum með og greiða niður lántöku sem kann að vera nauðsynleg að einhverju marki, ef um mikla fjárfestingu er að ræða. Ekki er skynsamlegt að fjármagna fjárfestingu að fullu með lánum. Til að hægt sé að fara í mikla fjárfestingu þarf að fjármagna hana fyrirfram og svo fjármagn fáist, hvort sem það eru styrkir eða lánsfjármagn, er nauðsynlegt að klúbburinn sjálfur geti lagt eitthvað á móti af svokölluðu sjálfsaflafé. Það er gjarnan svo að styrkir til framkvæmda eru auðsóttari ef góðar áætlanir eru unnar, hægt er að sýna fram á eigið framlag og að með þeirri viðbót sem fæst með styrk sé framkvæmdin að fullu fjármögnuð.

Það breytir ekki því að það er ýmislegt sem klúbburinn þarf á næstu misserum að framkvæma, sumt af því kostar mikið og verður ekki unnið að fullu leyti í sjálfboðavinnu. Ég tel klúbbinn nú kominn í þá stöðu að hægt er á ráðast í tiltekna framkvæmdir, afla til þeirra styrkja sem mögulega eru í boði og nýta það sem lagt hefur verið fyrir af fjármunum. Mikilvægt er að fara sér að engu óðslega í þessum eignum og reyna að áfangaskipta helstu framkvæmdum og stilla af framkvæmdahraða við getu klúbbsins á hverjum tíma. Það sem lagt hefur verið fyrir, er ekki eyrnamerkt rekstri, þó vissulega þurfi að hlúa vel að rekstrinum, hvort sem um er að ræða viðhald eigna og tækja klúbbsins, þjónustunni í skálanum, afreksstarfi, eða félagsstarfinu að öðru leyti.

Tökum nú upp léttara hjal og snúum okkur að því helsta sem fram fór á árinu.

Vallarnefnd

Vallarnefnd var ágætlega virk og fundaði reglulega. Margir fundirnir fóru þannig fram að leiknar voru 9 holur og hugmyndir og verkefni rædd um leið og aðstæður voru skoðaðar og ábendingum komið á framfæri. Umhirða vallarins var reyndar með þeim hætti að almennt var ekki tilefni til ábendinga, nema þá helst frá vallarstjóranum um hvernig væri hægt að bæta eitt og annað og hvað þyrfti til þess. Ekki fer sögum af því að þessi fundahöld hafi haft jákvæð áhrif á forgjöf vallarnefndarmanna, en þetta er vissulega skemmtilegt fundarform.

Eins og undanfarin ár þá hófst golfvertíðin á vinnudegi og svokölluðu Jaxlamóti. Eins og áður var góð mæting og unnin mörg þörf verk. Tekið var til í vélaskemmuni, gert við brýrnar yfir Sauðá, sett mól í göngustíga, trjánnum gefinn áburður o.fl.

Í framhaldi var unnið að ýmsum verkefnum, t.d. var hluti gömlu fjárhúsveggjanna við vélaskemmuna teknir niður til að rýmka fyrir aðkomunni að vélaskemmuni og gera það mögulegt að bakka með kerru að skemmudyrnum. Í sumar unnu Steinn og hans menn líka ýmis verk samhliða umhirðu vallarins t.d. gengu þeir frá ræsinu á 3. braut og sáðu í grasbönkerinn sem á að koma í staðinn fyrir skurðinn, kláruðu að bera stígamöl í alla malarstígana, skiptu um sand í flest öllum glompum og löguðu þær til.

Á þessu ári var fjárfest í handloftpúðasláttuvél, handáburðardreifara, nýjum holuskera, nýjum holubotnum og stöngum og keypt töluvert af ýmsum smáverkfærum til vélaviðhalds.

Rakastig á vellinum hjá okkur er sjaldnast í góðu jafnvægi allt sumarið. Stundum koma langir þurrkkaflar og svo rignir líka stundum nokkuð mikið. Þetta ójafnvægi og hvernig brugðist er við því er væntanlega ein mesta áskorun þeirra sem hanna og hirða golfvelli. Vökvunarbúnaður vallarins okkar er vanbúinn en vallarnefnd og vallarstjóri hafa leitað leiða til að efla búnaðinn og er einnig áhugi á að prófa að nota vatnsmiðlunarefni á flatirnar.

Vallarstarfsmenn sinna slætti og annarri þjónustu við íþróttavelli Hveragerðisbæjar og auk þess þúttvelli við Dvalarheimilið Ás og golfvöllinn við Hótel Örk. Hefur samstarf við þessa aðila verið gott, en samnýting á tækjum og þeim starfsmönnum sem kunn með þau að fara er mikilvæg og hagkvæm fyrir báða aðila.

Húsnefnd

Talsverð vinna var unnin á vegum húsnefndar og í samstarfi við vallarnefnd. Á árinu var haldið áfram við uppbyggingu á golfbílageymslunni úr gámnum sem er nánast fullbúin.

Í vor hafði fangelsismálastofnun samband við okkur og bauð okkur að fá til starfa menn sem þurftu að vinna af sér í samfélagsþjónustu og nýttist það okkur mjög vel bæði við einstök störf á vellinum og við framkvæmdir við fasteignirnar. Við fengum þrjá menn til okkar og tveir þeirra komu einn dag í viku og nýttist það okkur mjög vel. t.d. til að fúaverja brýr og annað timburverk og til annarra verkefna. Þriðji maðurinn er menntaður smiður og kom hann í vinnu eina viku samfleytt. Þegar þetta kom upp þá var ákveðið að ráðast í að skipta um þak á vélaskemmumni, það var orðið mjög lélegt og hélt hvorki vatni né vindum. Á þessari viku náðist að skipta um helminginn af þakinu. Í október náðist síðan að klára megnið af verkinu þegar haldinn var frábær vinnuhelgi. Við kunnum öllum þeim sjálfbóðaliðum sem tóku þátt í þessu bestu þakki fyrir, því þetta breytir vinnuaðstöðunni í vélaskemmumni veruleg til batnaðar fyrir Stein, því hann hefur mikinn metnað fyrir því að halda vélunum okkar vel við og er hann vel liðtækur í ýmsum viðgerðum og hyggst hann vinna við þetta viðhald yfir vetrartímamann.

Þessa sömu helgi var líka unnið við að endurnýja hitalagnir í vélaskemmumni og setja upp nýja ofna, fyrirhugað er að taka gufulögnina út úr skemmumni og setja þar upp forhitara til að við eigum ekki á hættu að gufulögn gefi sig og skemmi vélarnar, þeirri vinnu er ekki lokið en mjög brýnt er að það klárast sem fyrst til að hiti komist á skemmuna.

Mótanefnd

Eins og áður var talsvert umfangsmikið mótahald á vegum klúbbsins og bar mótanefnd hitann og þungan af þeim hluta starfsins.

Þúttmót voru haldin innandyra yfir vetrarmánuðina og haldin voru innanfélagsmót á miðvikudögum í sumar.

Nokkuð minni þátttaka var í opnum mótum en á síðasta ári. Þá féll eitt mót niður sem fyrirhugað var að halda og ekki varð af sameiginlegu móti með Golfklúbbi Selfoss sem við höfum haft samstarf um í nokkur ár. Vonandi tekst að koma því aftur á. Hins vegar fórum við í góða ferð austur á Hellu á hið árlega vinamót og sveit GHG bar sigur úr þitum þetta árið.

Opið kvennamót var haldið í annað skipti styrkt af Hótel Selfoss. Vonandi verður það mót árlegur viðburður hjá okkur.

Meistaramóti GHG fór fram 6. – 9. júlí. Eftir skemmtilega og oft á tíðum spennandi keppni stóðu uppi sem klúbbmeistarar:

- Karlaflokkur Elvar Aron Hauksson
- Kvennaflokkur Harpa Rós Björgvinsdóttir

Holukeppni GHG fór fram í sumar. Leikið var í riðlum þar sem sigurvegarar hvors riðils léku til úrslita. Engin kona skráði sig til leiks og féll þar með niður keppni í kvennaflokki. Í karlaflokki var hins vegar

sigurvegari Elvar Aron Hauksson sem er þar með tvöfaldur meistari þetta árið, því hann sigraði bæði Meistaramótið og Holukeppnina.

Í sumar stóð klúbburinn að framkvæmd tveggja daga móts í áskorendamótaröð unglunga sem tókst mjög vel. Í drög að mótaskrá fyrir sumarið 2017 er gert ráð fyrir að Íslandsmót í holukeppni 14 ára og yngri verði haldið á Gufudalsvelli 1. – 2. júlí, þannig að okkur er greinilega treyst fyrir mótahaldi af þessu tagi. Næsta sumar mun fara fram hér í Hveragerði Landsmót UMFÍ 50 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að golfkeppni mótsins fari fram á Gufudalsvelli og mun klúbburinn koma að framkvæmdinni en mótið verður dagana 23. – 25. júní næstkomandi.

Skemmtinefnd

Á vegum skemmtinefndar var m.a. haldið Þorrablót síðastliðinn vetur sem þótti takast vel. Heiðursgestir blótsins var Hafsteinn Hafsteinsson og Guðrún Sigurbjörnsdóttir sambýliskona hans. Þá kom nefndin að nokkrum öðrum viðburðum á árinu.

Bændaglíman fór fram 1. október og tókst alveg ljómandi vel og mótahaldið til sóma fyrir bændurna þá Guðmund og Steindór.

Kvennanefnd

Á vegum kvennanefndar var hefðbundið starf. Kvennagolf var vikulega á mánudögum eins og undanfarin ár og auk þess farið og leikið golf á öðrum völlum og efnt til viðburða þar sem andinn er efldur.

Barna- og unglinganefnd

Barna- og unglingastarf var í lágmarki þetta sumrið. Boðað var námskeið en ekki fékkst nægileg þátttaka. Hins vegar var tekið á móti krökkum sem voru á öðrum skipulögðum íþróttanámskeiðum og þeim leyft að spreyta sig á golfíþróttinni í léttum leik með leiðsögn. Einnig voru kynningar í samstarfi við grunnskólann.

Afreksnefnd

Karlalið GHG tók þátt í 3. deild í sveitakeppni GSÍ, sem nú heitir Íslandsmót golfklúbba. Keppnin fór fram í Húsavík og náði liðið 6. sæti. Kvennaliðið keppti í 2. deild á Selfossi og hafnaði í 6. sæti. Gerð var sú breyting að halda þessar keppnir mun fyrr um sumarið en áður. Sumarið 2016 fóru þessar keppnir fram seinni partinn í júní, en samkvæmt drögum að mótaskrá fyrir sumarið 2017 verða mótið færð aftur í miðjan ágúst eins og áður.

Undirbúningur og annað afreksstarf var minna en undanfarin sumar, en samið var við golfkennara hjá Draumagolfi sem sáu um æfingar. Haldnar voru æfingar einu sinni í viku fyrir afrekshópin, alls í tíu skipti.

Ekki tókst að senda lið í sveitakeppni í eldri flokki kvenna, en lið frá okkur tók þátt í 3. deild í keppni eldri karla, 50 ára og eldri sem fór fram á Kiðjabergi. Liðið náði þriðja sæti en ekki fylgir sögunni hve mörg lið tóku þátt.

Fannar Ingi hélt áfram að gera okkur stolta af honum. Þetta árið gerði hann sér litið fyrir og varð Íslandsmeistari 18 ára og yngri í holukeppni. Auk þess tók hann þátt í sterkum mótum hér heima og erlendis, og var sér, fjölskyldu sinni og klúbbum til mikils sóma. Nýverið gerði Fannar samning um skólavist í Troy University í Alabama í Bandaríkjunum og heldur hann utan næsta haust og mun stunda nám og æfingar með skólaliðinu. Það er gaman að fylgjast með þessum efnilega dreng.

Útbreiðslunefnd

Klúbburinn hefur í gegnum tíðina leitað leiða til að útbreiða fagnaðarerindið um golfiðkun og í því skini gert ýmsar tilraunir til að fjölga nýliðum. Haldið var áfram með nýliðaprógrammið sem nú hefur verið keyrt í þrjú ár. Prógrammið felst í afslætti af félagsgjöldum fyrsta árið og aðgangur að vikulegum æfingum undir stjórn golfkennara í u.þ.b. tíu skipti án endurgjalds fyrstu tvö árin. Golfkennarar frá Draumagolfi sáu um þessar æfingar í sumar í samræmi við prógrammið.

Lokaorð

Samkvæmt lögum klúbbsins skal formaður kosinn sérstaklega til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, þrír eru kosnir hvert ár. Sá sem hér stendur var fyrst kosinn formaður klúbbsins á aðalfundi 2013, þá til eins árs því Erlingur sem áður var formaður óskaði eftir að hætta þó kjörtímabilinu hafi ekki verið lokið. Ég var svo aftur kosinn á aðalfundi 2014 og þá til tveggja ára. Á aðalfundi klúbbsins 2015 tilkynnti ég að ég myndi sitja út kjörtímabilið en ekki gefa kost á mér til endurkjörs á aðalfundi klúbbsins 2016. Nú er sá fundur og ákvörðun mín stendur.

Þetta hefur verið annasamur tími þessi þrjú ár, enda verkefni fyrir klúbbinn ekki af skornum skammti á sama tíma og vinnudagurinn í launuðu vinnunni lengdist úr hófi fram. Við lögðumst yfir uppsetningu rekstursins, unnum einfalda en góða sviðsmyndagreiningu og í framhaldinu hefur verið unnið í samræmi við þá stefnu sem þá var mótuð varðandi uppsetningu á rekstri klúbbsins. Ég leyndi því ekki að það var erfið ákvörðun að leggja niður stöðu framkvæmdastjóra haustið 2014 og koma þeirri breytingu í framkvæmd, segja góðum félaga upp störfum og leysa úr ýmsu sem áður var unnið af honum.

Flest af þeim verkum sem formaðurinn hefur þurft að sinna hafa verið skemmtileg og samskipti við fólk afar ánægjuleg. Á því voru reyndar undantekningar, sérstaklega fyrsta árið, sem tóku of mikla orku og tíma frá öðrum meira gefandi framfararmálum. Ég ætla ekki að rifja þessi atriði upp hér, en það eru margir sem bera hag klúbbsins fyrir brjósti, sem betur fer. Þannig er það nú og þannig var það líka þegar ég byrjaði sem formaður og vonandi verður það alltaf þannig. Leiðir að sama marki geta verið mismunandi, en mikilvægt er að velja sem besta leið, vanda sig við ákvarðanir þó einhverjir haldi að önnur leið sé betri eða heillavænlegra að stíga önnur eða stærri skref í einu. Þeir sem vilja fara aðrar leiðir eru jafnvel helst tilbúnir að tjá skoðanir sínar á samfélagsmiðlum og þeir hafa náttúrulega alltaf rétt fyrir sér þar.

Mikilvægur þáttur í starfsemi klúbbsins er og verður að efla og viðhalda góðum félagsanda. Við megum ekki vanmeta þann þátt og þurfum að hlúa að félagsandanum og félagsstarfinu hér eftir sem hingað til.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn þessi ár kærlega fyrir samstarfið og ánægjuleg samskipti. Við höfum að mínu mati komið ýmsu góðu í verk. Í stjórn hefur verið góð samstaða um stefnu og áherslur og teknar hafa verið ákvarðanir fyrst og fremst með hagsmuni klúbbsins að leiðarljósi. Sumar ákvarðanir hafa verið erfiðari en aðrar, en ég er bara nokkuð sáttur við unnið verk, þó það sjái allir, að það er nú eins og endranær mikið verk óunnið.

Að lokum vil ég þakka félagsmönnum fyrir samstarfið, þátttöku í nefndastarfi, ómetanlegu sjálfböðastarfi, viðburðum og öðrum stuðningi við starf klúbbsins og óska klúbbum og félagsmönnum hans farsældar um framtíð alla.

Auðunn Guðjónsson